**Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]**

um endurskoðun skattalaga.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að marka nýja stefnu í skattamálum og endurskoða skattalög með það fyrir augum að skattbyrðin á tekjum og útgjöldum fólks með lágar tekjur eða meðaltekjur léttist en atvinnureksturinn í landinu greiði skatt af tekjum sínum og veltu undanbragðalaust og taki þannig hæfilegan þátt í sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Í þessu skyni skal að því stefnt

að tekjuskattur lögaðila (hlutafélaga og annarra fyrirtækja í félagsformi) verði hækkaður,

að lögin nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, verði numin úr gildi,

að framlög í varasjóð verði skattlögð eins og aðrar tekjur,

að afskriftatími verði lengri en er í gildandi tekjuskattslögum og í meira samræmi við endingartíma eigna,

að arður af hlutabréfum verði skattlagður eins og aðrar tekjur,

að eftirlit með bókhaldi og framtölum fyrirtækja verði hert verulega, einkum hjá einstaklingum með sjálfstæðan rekstur, sektir við skattsvikum verði hækkaðar og meðferð skattsvikamála hraðað,

að skattar á miklar eignir verði hækkaðir,

að vaxtatekjur umfram verðtryggingu verði almennt skattlagðar ofan við ákveðin mörk,

að matvörur og aðrar brýnustu lífsnauðsynjar heimila verði ekki skattlagðar, hvorki með söluskatti, virðisaukaskatti né með öðrum álögðum gjöldum,

að sala landa og lóða, sem hækka í verði vegna uppbyggingar þéttbýlissvæða eða opinberra framkvæmda í næsta nágrenni, verði sérstaklega skattlögð,

að útsvar verði stigbreytilegt í samræmi við tekjur,

að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta svo fljótt sem verða má.

Því ályktar Alþingi að kjósa fimm manna nefnd til að undirbúa frumvörp um breytingar á skattalögum. Nefndinni ber að hraða störfum sínum og skila áliti fyrir 1. maí næstkomandi.

## Greinargerð.

Skattkerfi landsmanna er ósanngjarnt og svo götótt að ekki verður við unað. Þar vegur þyngst að atvinnureksturinn í landinu ber sáralítinn hlut af sameiginlegum útgjöldum landsmanna og byrðin lendir af þeim mun meiri þunga á launafólki. Ástæðan fyrir þessu er sú að núverandi ríkisstjórn hefur sett svo margar glufur og smugur á gildandi skattalög með ýmiss konar frádráttarheimildum að nú orðið greiðir stór hluti fyrirtækja engan tekjuskatt.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur aflað sér upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um fjölda tekjuskattslausra fyrirtækja við álagningu skatta á s.l. ári. Ef aðeins eru talin með fyrirtæki í félagsformi (hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög) en ekki smáfyrirtæki sem greiða minna en 4700 kr. í aðstöðugjald, þ.e. hafa að jafnaði ekki yfir hálfa milljón kr. í árlega veltu, verða eftir 3890 fyrirtæki. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar má ætla að heildarvelta þessara 3890 fyrirtækja á árinu 1984 hafi numið 136 milljörðum kr. Til

samanburðar má nefna að aðstöðugjaldsstofn þeirra virðist vera tæpir 100 milljarðar kr. og álögð aðstöðugjöld 910 millj. kr.

En þegar kemur að álagningu tekjuskatts er skattstofninn aðeins talinn 1,4 milljarðar kr. og heildartekjuskattur 50% af þeirri upphæð eða um 700 millj. kr. (0,7 milljarðar kr.).

Af þessum 3890 fyrirtækjum greiddu 1922 fyrirtæki skatt en 1968 fyrirtæki greiddu engan skatt, þ.e. höfðu neikvæðan tekjuskattsstofn, sbr. fskj. IV, og eru þá smáfyrirtækin ekki meðtalin eins og áður segir.

Eins og fram kemur í þessum tölum greiðir meiri hluti fyrirtækja, eða um 51%, engan tekjuskatt. Að sjálfsögðu er þess alltaf að vænta að einhver fyrirtæki séu rekin með halla og greiði því ekki tekjuskatt. En það er alls ekki ástæðan því að samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar var afkoma fyrirtækja á árinu 1984 almennt nokkuð góð ef útgerð er undanskilin.

Menn fengu prýðilegt sýnishorn af þessu makalausa skattakerfi núverandi ríkisstjórnar þegar fjármálaráðherrann seldi hlutabréf ríkisins í Flugleiðum á s.l. hausti. Bréfin fóru fyrir væna fúlgu, enda mikilvæg eign sem ríkið greiddi fullt verð fyrir á sínum tíma og var m.a. tilkomin í tengslum við ábyrgðir og áhættu ríkissjóðs af miklum rekstrarlánum til félagsins, auk þess sem ríkið veitti Flugleiðum stórfellda styrki. En hvað fær svo ríkissjóður í sinn hlut við sölu bréfanna? Svarið er: Minna en ekki neitt fyrstu árin því að skattfrádrátturinn hjá kaupendum verður hærri en greiðslurnar fyrir bréfin.

Annað sýnishorn fengu menn í haust frá húsnæðismálastjórn við úttekt á framtöldum tekjum húsbyggjenda og kaupenda. Í ljós kom að sjálfstæðir atvinnurekendur reyndust hafa miklu lægri tekjur en einstæðar mæður — sem sjálfsagt eru margar í þjónustu þeirra.

Gildandi skattareglur eru bæði hóflausar og siðlausar gagnvart öðrum skattgreiðendum sem ekki eru í atvinnurekstri. Fyrstu sex liðir þessarar tillögu til þingsályktunar miða að því að þar verði breyting á.

Ekki er þó rétt að útiloka skattafslátt til fyrirtækja í undantekningartilvikum, t.d. vegna fjárfestingar sem sannanlega skila þjóðinni einhverju með aukinni framleiðslu, með rannsóknar- og þróunarstarfi eða með bættri aðbúð starfsfólks.

Meðal annarra atriða, sem hér er lögð sérstök áhersla á, er að hækka skatta á miklum eignum. Skattur á hreina eign er aðeins 0,95%, óháð því hve eignin er mikil, en að sjálfsögðu ætti eignarskattur að vera stighækkandi þegar stóreignir eru annars vegar.

Vaxtatekjur eru nú með öllu skattfrjálsar. Það var skiljanlegt þegar vextir voru að mestu neikvæðir eða mjög lágir en stenst alls ekki nú orðið. Þó virðist eðlilegt að vaxtatekjur af sparifjárinnstæðum upp að vissu marki séu skattfrjálsar og aldrei ætti að skattleggja aðrar vaxtatekjur en þær sem koma til viðbótar verðtryggingu innstæðunnar.

Sem fyrst þarf að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það væri þegar komið á ef Alþingi hefði borið gæfu til að samþykkja frumvarp þess efnis sem seinasta stjórn flutti. Aftur á móti verður að vara mjög við virðisaukaskattinum sem bæði kostar margfalda skriffinnsku á við gildandi kerfi og er auk þess mjög óhagstæður fyrir launafólk. Það má ekki gerast að söluskattur eða nokkur samsvarandi skattur verði lagður á matvörur. Slíkt yrði mikill kostnaðarauki fyrir neytendur — einkum barnmargar fjölskyldur — og auk þess sérstakt áfall fyrir íslenskan landbúnað, og er þar síst á bætandi.

Tillaga þessi fjallar um nauðsyn þess að Alþingi marki nýja stefnu í skattamálum. Efni þessarar tillögu vísar til fjölmargra lagabreytinga sem gera þarf eftir að stefnan hefur verið mörkuð. Það er fyrsta skrefið í rétta átt að Alþingi marki stefnuna en til þess þarf pólitískan vilja af öðru tagi en ríkjandi er hjá núverandi stjórn.

**Fylgiskjöl:**

1. Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens árin 1980–1983.
2. Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð núverandi ríkisstjórnar 1983–1985.
3. Aðstöðugjald einstaklinga 1985.
4. Aðstöðugjald félaga 1985.
5. Lausleg áætlun um heildarveltu fyrirtækja árið 1984.
6. Skattálagning 1985 (10 töflur).
7. Þróun viðskiptakjara 1972–1986.
8. Kjaraskerðingin 1983–1985. Kaupmáttur launa.
9. Nettóskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann.
10. Ríkisfjármál.

**Fylgiskjal I.**

**Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens árin 1980–1983.**

*Á þessu tímabili urðu fjórar umtalsverðar breytingar á löggjöf um tekju- og eignarskatt.*

1. Í febrúar 1980 átti hin viðamesta þeirra sér stað. Þau lög voru beint framhald af setningu nýrrar heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt á árinu 1978. Voru reglur laganna frá 1978 fullkomnaðar og endurbættar, einkum í því skyni að gera skattstofna óháða verðbólgu, en auk þess settar reglur um fjölmörg önnur atriði, t.d. innheimtu skatta.
2. Í maí 1980 eru síðan sett lög um skattstiga og skatthlutföll varðandi tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting var nauðsynleg vegna þess að í tekjuskattslögunum frá 1978 hafði verið reiknað með upptöku staðgreiðslukerfis skatta en frumvarp um það efni náði ekki samþykki þingsins 1978.
3. Í febrúar 1981 eru rýmkaðar verulega heimildir einstaklinga til að draga frá tekjum vexti vegna skulda sem til var stofnað vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Með þessum lögum var einnig tekin upp heimild til handa iðnaðarmönnum til að draga frá tekjum kostnað vegna handverkfæra.
4. Í maí 1981 eru síðan gerðar ýmsar breytingar á þessum gjöldum og eru þessar helstar:
   a. Tekjuskattar til ríkisins voru lækkaðir sem svarar 1,5% af brúttótekjum liðins árs hjá almennum launamönnum. Var þetta gert með niðurfellingu sjúkratryggingagjalds á lægstu tekjur.
   b. Lágmarksfrádráttur einstæðra foreldra var hækkaður verulega.
   c. Heimilað var að nota ónýttan persónufrádrátt til greiðslu eignarskatts og þannig bættar tekjur lágtekjufólks er býr í skuldlitlu eigin húsnæði.
   d. Helmingur greiddrar húsaleigu vegna íbúðar til eigin nota var gerður frádráttarbær.
   e. Dráttarvaxtareglum var breytt þannig að vangreiðsla að hluta olli því ekki lengur að dráttarvextir féllu á alla álagða skatta.
   f. Verulega var dregið úr virkni reglunnar um reiknuð laun þeirra er vinna við eigin atvinnurekstur.
5. Frumvörp um staðgreiðslukerfi skatta voru tvívegis lögð fram á árunum 1980–1982 en fengust ekki afgreidd á Alþingi.

*Breytingar á söluskattslögum.*

1. Söluskattur var hækkaður um 2% í ársbyrjun 1982.
2. Með lögum nr. 33/1982 voru sett mun ítarlegri ákvæði en áður höfðu gilt um skráningar- og upplýsingaskyldu söluskattsskyldra aðila. Jafnframt þessu voru refsiákvæði hert og réttarfarsákvæði endurbætt.
3. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð er kveður á um skyldu söluskattsskyldra smásöluaðila til að skrá viðskipti í lokaðar sjóðvélar („búðarkassar“) eða, sé sjóðvél ekki fyrir hendi, að skrá viðskiptin á svokallaða staðgreiðslusölulista er séu fyrir fram tölusettir. Þetta skráningarkerfi auðveldar skattyfirvöldum mjög allt söluskattseftirlit.
4. Felldur var niður söluskattur af aðgangseyri ýmissa staða sem reknir eru í heilsuræktarskyni, svo sem sundstaða, gufubaðstofa, nuddstofa, ljósastofa og heilsuræktarstöðva. Sama var gert við aðgangseyri að ýmsum menningarsamkomum, svo sem leiksýningum og tónleikum. Einnig var felldur niður söluskattur af vogum og rafeindabúnaði í fiskflökunarvélar, lausfrystitækjum, frystiskápum og kælibúnaði í frystiiðnaði.

**Fylgiskjal II.**

**Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð núverandi ríkisstjórnar 1983–1985.**

1. Samkvæmt bráðabirgðalögum í maílok 1983 voru persónuafsláttur og barnabætur hækkaðar um 250 millj. kr. með hliðsjón af þeirri kjaraskerðingu sem fólst í afnámi verðbóta á laun.
2. Samkvæmt bráðabirgðalögum í júlímánuði 1983 var 10%-skattur á ferðamannagjaldeyri afnuminn og kostaði það tekjutap sem nam um 200 millj. kr. fyrir ríkissjóð árin 1983 og 1984.
3. Með lögum í desember 1983 um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var skatturinn lækkaður úr 1,4% í 1,1%.
4. Með l. nr. 7 30. mars 1984 voru tekjuskattsþrep lækkuð úr 25%–35%–50% í 23%–32%–45% með hliðsjón af minni verðbólgu en skattbyrði miðuð við breytingar á tekjum milli ára var talin óbreytt. Eignarskattsprósenta var lækkuð úr 1,2 í 0,95. Jafnframt var tekjuskattur lögaðila (hlutafélaga og annarra fyrirtækja í félagsformi) lækkaður enn meira eða úr 65% í 51% en álagningarprósentan var áður miðuð við að hún væri jafnhá hæstu jaðarprósentu tekjuskatta einstaklinga (tekjuskattur 50% + útsvar 13% + sjúkratryggingagjald 2%).
5. Með tekjuskattslagabreytingu nr. 8/1984 og lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, voru fyrirtækjum og einstaklingum, sem fjárfesta í atvinnurekstri eða kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, veittar stórfelldar og margháttaðar skattaívilnanir.
6. Með lögum nr. 51/1984 var dregið verulega úr skattskyldu innlánsstofnana, sbr. l. nr. 65/1982, svo og með lækkun umboðsþóknunar vegna gjaldeyrisviðskipta. Áætlað er að skattgreiðslur banka til ríkissjóðs hafi lækkað um 360 millj. kr. á árunum 1984–1986, reiknað á verðlagi ársins 1984.
7. Með l. nr. 119 31. des. 1984 voru skattþrep lækkuð úr 23%–32%–45% í 20%–31%–44% og heimild veitt til að færa ónýttan hluta neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna til hins makans, allt að 100 þús. kr., og lengdist þá neðsta skattþrep tekjuhærri makans sem þessu nam á kostnað miðþrepsins. Samþykkt laganna leiddi til 600 millj. kr. lækkunar á tekjuskatti. Á móti kom hækkun ýmissa aukatekna, hækkun áfengis og tóbaks og ½% hækkun söluskatts sem samanlagt nam svipaðri upphæð 1985 eða um 600 millj. kr.
8. Söluskattur, sem verið hafði 23,5% frá árinu 1980, var hækkaður í 24% í ársbyrjun 1985 og síðan aftur hækkaður í 25% í tengslum við tekjuöflun vegna húsnæðismála vorið 1985.
9. Með l. nr. 119 31. des. 1984 var þeim, sem láta af störfum, veitt heimild til að draga frá tekjum allt að 800 þús. kr. áður en skattur er á lagður, enda hafi þeir náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.
10. Haustið 1984 var ákveðið í tengslum við ákvörðun fiskverðs að endurgreiða útgerðarmönnum uppsafnaðan söluskatt og var áætlað tekjutap ríkissjóðs á árinu 1985 vegna þessa um 400 millj. kr.
11. 6. júní 1985 var samþykkt sú breyting á tekjuskattslögum að helmingur greiddra meðlaga væri frádráttarbær frá tekjum þar til börn hafa náð 18 ára aldri en var 17 ár áður.
12. Með lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, sbr. breytingu á tekjuskattslögum 14. júní 1985, var veittur sérstakur afsláttur af tekjuskatti vegna bundinna húsnæðissparnaðarreikninga.

Fylgiskjal III.

## Aðstöðugjald einstaklinga 1985.

RIKISSKATTSTJORI
ALLAR FJARHÆÐIR I 1000 KR 23.11.85

SKIPTING AÐSTÖÐUGJALDS VIÐ ALAGNINGU 1985
EINSTAKLINGAR - LANDIÐ ALLT F7207E

| AÐSTGJALD BIL | AÐSTGJSTOFN | AÐSTGJALD | FJÖLDI | REITUR 62 TEKJUR AF ATVR FJARHÆÐ | FJÖLDI | REITUR 24 REIKNUÐ LAUN FJARHÆÐ | FJÖLDI | REITUR 62 + 24 FJARHÆÐ | FJÖLDI | TEKJUSKATTSSTOFN FJARHÆÐ | FJÖLDI | TEKJUSKATTUR FJARHÆÐ | FJÖLDI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| - 10 | 653.190 | | 286 | 5.273 | 57 | 26.641 | 181 | 31.914 | 193 | 78.203 | 279 | 11.686 | 156 |
| - 4.700 | 1.808.131 | 16.371 | 10.376 | 129.450 | 2.689 | 1.037.156 | 8.166 | 1.166.606 | 8.597 | 2.724.365 | 10.170 | 356.938 | 5.639 |
| - 10.000 | 2.321.575 | 23.310 | 3.322 | 71.419 | 897 | 558.728 | 2.805 | 630.147 | 2.845 | 911.541 | 3.281 | 132.962 | 1.723 |
| - 25.000 | 4.150.787 | 44.340 | 2.856 | 79.201 | 763 | 565.557 | 2.434 | 644.758 | 2.457 | 860.084 | 2.818 | 139.472 | 1.603 |
| - 50.000 | 2.990.791 | 32.092 | 917 | 54.210 | 286 | 210.393 | 707 | 264.604 | 717 | 387.541 | 903 | 83.483 | 684 |
| - 75.000 | 2.028.401 | 21.438 | 347 | 28.979 | 114 | 86.666 | 263 | 115.645 | 267 | 170.169 | 343 | 40.438 | 289 |
| - 100.000 | 1.401.354 | 16.512 | 192 | 15.810 | 55 | 38.311 | 122 | 54.122 | 125 | 105.075 | 189 | 27.297 | 153 |
| - 150.000 | 1.854.084 | 20.761 | 170 | 15.755 | 60 | 41.494 | 126 | 57.250 | 128 | 86.537 | 169 | 20.554 | 143 |
| - 200.000 | 1.321.790 | 15.334 | 89 | 8.949 | 33 | 25.659 | 62 | 34.608 | 63 | 69.912 | 88 | 21.616 | 78 |
| - 300.000 | 1.424.327 | 16.801 | 66 | 19.817 | 32 | 22.420 | 50 | 42.237 | 50 | 64.653 | 65 | 21.232 | 62 |
| - 400.000 | 1.097.092 | 12.833 | 37 | 21.600 | 19 | 18.000 | 26 | 39.600 | 26 | 52.639 | 37 | 19.275 | 34 |
| - 500.000 | 390.958 | 4.877 | 11 | 12.356 | 6 | 5.021 | 11 | 17.377 | 11 | 16.991 | 11 | 6.225 | 10 |
| - 600.000 | 533.079 | 5.662 | 10 | 582 | 2 | 2.018 | 5 | 2.600 | 5 | 9.309 | 10 | 2.997 | 10 |
| - 700.000 | 152.651 | 1.984 | 3 | 2.502 | 2 | 1.703 | 3 | 4.205 | 3 | 3.991 | 3 | 1.429 | 3 |
| - 800.000 | 394.326 | 4.606 | 6 | 6.500 | 1 | 1.181 | 2 | 7.681 | 2 | 11.789 | 6 | 4.537 | 6 |
| - 900.000 | 258.122 | 2.543 | 3 | 672 | 1 | 583 | 1 | 1.256 | 1 | 2.197 | 2 | 746 | 2 |
| - 1.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| - 2.000.000 | 289.620 | 3.765 | 3 | 5.263 | 1 | 1.013 | 2 | 6.276 | 2 | 6.316 | 3 | 2.506 | 2 |
| - 3.000.000 | 167.870 | 2.179 | 1 | | | 528 | 1 | 528 | 1 | 462 | 1 | 94 | 1 |
| - 4.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| - 5.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| -10.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| -15.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| -20.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| -30.000.000 | | | | | | | | | | | | | |
| YFIR | | | | | | | | | | | | | |
| | 23.238.157 | 245.415 | 18.695 | 478.346 | 5.018 | 2.643.076 | 14.967 | 3.121.423 | 15.493 | 5.561.783 | 18.378 | 893.494 | 10.598 |

Fylgiskjal IV.

# Aðstöðugjald félaga 1985.

RIKISSKATTSTJORI
ALLAR FJÁRHÆÐIR I 1000 KR 28.11.85

SKIPTING AÐSTÖÐUGJALDS VIÐ ÁLAGNINGU 1985
FELÖG - ALLT LANDIÐ P7207F

| AÐSTGJALD BIL | AÐSTGJSTOFN | AÐSTGJALD | FJÖLDI | TEKJUSKATTSSTOFN FJÁRHÆÐ | TEKJUSKATTSSTOFN FJÖLDI | TEKJUSKATTUR FJÁRHÆÐ | TEKJUSKATTUR FJÖLDI | NEIKV. TEKJUSKATTSSTOFN FJÁRHÆÐ | NEIKV. TEKJUSKATTSSTOFN FJÖLDI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| - 10 | 796.319 | | 100 | 7.907 | 23 | 4.032 | 23 | 93.177 | 68 |
| - 4.700 | 129.111 | 1.344 | 751 | 19.252 | 222 | 9.791 | 222 | 257.418 | 488 |
| - 10.000 | 1.061.713 | 3.265 | 459 | 34.390 | 210 | 17.538 | 210 | 136.854 | 223 |
| - 25.000 | 1.416.046 | 13.967 | 828 | 97.162 | 374 | 49.552 | 372 | 423.906 | 410 |
| - 50.000 | 3.103.137 | 29.272 | 790 | 124.707 | 383 | 63.600 | 383 | 456.026 | 363 |
| - 75.000 | 2.643.631 | 24.925 | 405 | 62.230 | 182 | 31.737 | 182 | 604.235 | 193 |
| - 100.000 | 2.865.840 | 25.735 | 295 | 70.264 | 150 | 35.835 | 150 | 609.913 | 128 |
| - 150.000 | 4.671.959 | 45.929 | 369 | 89.450 | 176 | 45.619 | 176 | 784.919 | 165 |
| - 200.000 | 4.374.512 | 40.716 | 235 | 84.792 | 119 | 43.244 | 119 | 832.729 | 97 |
| - 300.000 | 5.327.846 | 51.451 | 212 | 68.594 | 92 | 34.983 | 92 | 1.069.172 | 108 |
| - 400.000 | 4.891.610 | 48.215 | 140 | 58.885 | 67 | 30.031 | 67 | 560.375 | 62 |
| - 500.000 | 3.554.316 | 32.664 | 73 | 55.447 | 29 | 28.278 | 29 | 655.840 | 39 |
| - 600.000 | 3.601.410 | 33.733 | 62 | 65.943 | 29 | 33.631 | 29 | 485.879 | 30 |
| - 700.000 | 3.441.084 | 33.000 | 51 | 53.914 | 25 | 27.496 | 25 | 288.711 | 22 |
| - 800.000 | 3.235.129 | 28.107 | 38 | 47.331 | 11 | 24.138 | 11 | 363.414 | 21 |
| - 900.000 | 2.261.588 | 20.642 | 24 | 36.965 | 8 | 18.852 | 8 | 456.527 | 14 |
| - 1.000.000 | 1.841.919 | 16.962 | 18 | 20.912 | 7 | 10.665 | 7 | 100.880 | 8 |
| - 2.000.000 | 15.166.213 | 140.297 | 103 | 142.564 | 43 | 72.707 | 43 | 1.672.528 | 50 |
| - 3.000.000 | 6.446.090 | 65.319 | 27 | 37.953 | 9 | 19.356 | 9 | 743.749 | 15 |
| - 4.000.000 | 4.600.188 | 46.139 | 13 | 7.030 | 3 | 3.585 | 3 | 437.891 | 7 |
| - 5.000.000 | 3.155.501 | 34.037 | 8 | 90.459 | 2 | 46.134 | 2 | 102.839 | 4 |
| -10.000.000 | 6.957.703 | 77.868 | 11 | 23.475 | 3 | 11.972 | 3 | 1.749.044 | 6 |
| -15.000.000 | 4.415.452 | 37.449 | 3 | 95.183 | 2 | 48.543 | 2 | 256.831 | 1 |
| -20.000.000 | 6.142.637 | 36.603 | 2 | | | | | 1.408.037 | 1 |
| -30.000.000 | 2.815.227 | 22.451 | 1 | | | | | 198.449 | 1 |
| YFIR | | | | | | | | | |
| | 98.916.194 | 910.100 | 5.018 | 1.394.821 | 2.169 | 711.331 | 2.167 | 14.749.355 | 2.524 |

Fylgiskjal V.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 17/01/86

## Lausleg áætlun um heildarveltu fyrirtækja árið 1984.

| ISIC-staðall | Atvinnuvegir | Heildarvelta Milljarðar kr. | Þar af velta einyrkja og einstaklingsfyrirtækja Milljarðar kr. |
|---|---|---|---|
| 11 | Landbúnaður | 5,6 | 5,2 |
| 13 | Fiskveiðar | 8,8 | 2,2 |
| 30 | Fiskiðnaður | 16,5 | 0,8 |
| 31-39 | Annar iðnaður | 29,4 | 1,6 |
| 4 | Rafmagns-, hita- og vatnsveitur | 5,6 | 0,0 |
| 5 | Byggingarstarfsemi | 16,9 | 6,5 |
| 6 | Verslun, veitinga- og hótelrekstur | 53,4 | 10,1 |
| 7 | Samgöngur | 13,2 | 1,9 |
| 8 | Peningastofnanir, tryggingar | 13,9 | 2,5 |
| 9 | Ýmis þjónustustarfsemi | 6,2 | 2,7 |
| | Starfsemi fyrirtækja alls | 169,5 | 33,5 |

Athugasemdir:

Starfsemi hins opinbera er ekki meðtalin í ofangreindum tölum. Athygli skal vakin á því, að velta peningastofnana er hér skilgreind sem vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum þeirra, en hvers konar þóknanir og þjónustutekjur eru meðtaldar.

Skilgreiningu á ISIC-staðli og hvaða atvinnugreinar tilheyra hverju númeri má finna í ýmsum ritum Þjóðhagsstofnunar, m.a. Atvinnuvegaskýrslum 1982.

Fylgiskjal VI.

## Skattálagning 1985.

| LANDIÐ ALLT | ÁLAGNING GJALDÁRIÐ 1985 | |
|---|---|---|
| | UPPHÆÐIR | FJÖLDI |
| TEKJUSKATTUR | 3.919.505.892 | 78.163 |
| EIGNARSKATTUR | 361.133.228 | 46.200 |
| SLYSATR. V/HEIMILISST. | 1.284.800 | 4.672 |
| KIRKJUGJALD | 107.007.924 | 133.799 |
| KIRKJUGARÐSGJALD | 75.200.389 | 132.802 |
| SLYSATRYGGINGAGJALD | 20.407.388 | 17.756 |
| LIFEYRISTRYGGINGAGJALD | 53.273.186 | 6.058 |
| ATVINNULEYSISTRYGGINGAGJALD | 9.053.112 | 4.492 |
| EIGNARSKATTSAUKI | 39.332.335 | 16.440 |
| SJÚKRATRYGGINGAGJALD | 193.678.211 | 52.801 |
| GR. Í FRAMKV.SJÓÐ ALDRAÐRA | 61.733.460 | 106.437 |
| VINNUEFTIRLITSGJALD | 5.198.646 | 18.047 |
| AÐSTÖÐUGJALD | 220.803.100 | 17.364 |
| ÚTSVAR | 3.896.296.421 | 147.565 |
| IÐNLÁNA- OG IÐNAÐARMÁLAGJ. | 13.417.950 | 3.138 |
| SK. AF SKRST- OG VERSL.HÚSN. | 27.466.320 | 1.038 |
| SAMTALS GJÖLD | 9.004.792.362 | |
| FJÖLDI Á SKRÁ | | 174.335 |
| PERS.AFSL. T. GR. ÚTSVARS | 433.746.600 | 65.353 |
| PERS.AFSL. T. GR. SJTRGJ. | 3.073.925 | 2.318 |
| PERS.AFSL. T. GR. EIGNARSK. | 102.701.196 | 19.696 |
| PERS.AFSL. T. GR. ESKAUKA | 4.165.208 | 3.712 |
| BARNABÆTUR | 1.072.596.783 | 68.884 |

I A. GJALDÁR 1985 - ÁLAGNINGARYFIRLIT - EINSTAKLINGAR - FJÖLDI FRAMTELJENDA OG GJALDENDA OG SAMANBURÐUR VIÐ GJALDÁRIÐ 1984.

Ríkisskattstjóri
10.07.1985.

| Umdæmi: | Ár | Fjöldi framteljenda | Fjöldi gjaldenda (1) Tekjuskattur | (2) Ónýttur persónuafsláttur til greiðslu: eignarsk. | (3) eskauka | (4) sjúkratrgj. | (5) útsvars | (6) Barnabætur og barnabauki | (8) Sjtrgj. (sbr. (4)) | (9) Eignarskattur (sbr. (2)) | (10) Eignarskauki (sbr. (3)) | (11) Sérstakur sk. af versl.- og skrifsthúsnæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1985 | 67.421 | 30.672 | 8.922 | 1.718 | 875 | 23.126 | 22.828 | 20.468 | 21.812 | 8.351 | 588 |
| | 1984 | 66.310 | 32.242 | 8.172 | 0 | 498 | 21.251 | 22.656 | 19.755 | 21.337 | 0 | 576 |
| | % | 1,68 | (4,87) | 9,18 | 0 | 75,70 | 8,82 | 0,76 | 3,61 | 2,23 | 0 | 2,08 |
| Vesturland | 1985 | 10.530 | 4.361 | 936 | 131 | 141 | 4.559 | 4.495 | 2.977 | 1.733 | 444 | 41 |
| | 1984 | 10.485 | 4.654 | 866 | 0 | 107 | 4.275 | 4.566 | 2.924 | 1.651 | 0 | 42 |
| | % | 0,43 | (6,30) | 8,08 | 0 | 31,78 | 6,64 | (1,55) | 1,81 | 4,97 | 0 | (2,38) |
| Vestfirðir | 1985 | 7.270 | 3.557 | 318 | 40 | 62 | 2.798 | 3.200 | 2.403 | 874 | 178 | 24 |
| | 1984 | 7.288 | 3.750 | 293 | 0 | 40 | 2.324 | 3.129 | 2.301 | 797 | 0 | 24 |
| | % | (0,25) | (5,15) | 8,53 | 0 | 55,00 | 20,40 | 2,27 | 4,43 | 9,66 | 0 | 0 |
| Norðurland v. | 1985 | 7.611 | 2.982 | 754 | 155 | 62 | 3.500 | 3.098 | 1.798 | 1.305 | 413 | 21 |
| | 1984 | 7.555 | 3.020 | 749 | 0 | 41 | 3.397 | 3.063 | 1.659 | 1.307 | 0 | 21 |
| | % | 0,74 | (1,26) | 0,67 | 0 | 51,22 | 3,03 | 1,14 | 8,38 | (0,15) | 0 | 0 |
| Norðurland e. | 1985 | 18.530 | 7.530 | 1.507 | 180 | 232 | 8.174 | 7.700 | 4.733 | 3.251 | 653 | 52 |
| | 1984 | 18.509 | 8.120 | 1.459 | 0 | 107 | 7.675 | 7.844 | 4.615 | 3.226 | 0 | 52 |
| | % | 0,11 | (7,27) | 3,29 | 0 | 116,82 | 6,50 | (1,84) | 2,56 | 0,77 | 0 | 0 |
| Austurland | 1985 | 9.320 | 3.999 | 615 | 73 | 90 | 4.102 | 3.878 | 2.634 | 1.155 | 262 | 16 |
| | 1984 | 9.265 | 4.304 | 533 | 0 | 60 | 3.779 | 3.864 | 2.561 | 1.157 | 0 | 16 |
| | % | 0,59 | (7,09) | 15,38 | 0 | 50,00 | 8,55 | 0,36 | 2,85 | (0,17) | 0 | 0 |
| Suðurland | 1985 | 10.815 | 4.172 | 1.275 | 241 | 115 | 4.409 | 4.453 | 2.596 | 2.235 | 736 | 26 |
| | 1984 | 10.736 | 4.359 | 1.306 | 0 | 79 | 4.774 | 4.448 | 2.504 | 2.301 | 0 | 18 |
| | % | 0,74 | (4,29) | (2,37) | 0 | 45,57 | (7,65) | 0,11 | 3,67 | (2,87) | 0 | 44,44 |
| Vestmeyjar | 1985 | 3.329 | 1.733 | 165 | 29 | 48 | 1.193 | 1.614 | 1.291 | 441 | 132 | 26 |
| | 1984 | 3.279 | 1.828 | 138 | 0 | 18 | 1.085 | 1.570 | 1.237 | 402 | 0 | 23 |
| | % | 1,52 | (5,20) | 19,57 | 0 | 166,67 | 9,95 | 2,80 | 4,37 | 9,70 | 0 | 13,04 |
| Reykjanes | 1985 | 39.509 | 19.157 | 5.204 | 1.145 | 693 | 13.492 | 17.618 | 13.901 | 13.394 | 5.271 | 244 |
| | 1984 | 38.613 | 20.058 | 4.670 | 0 | 438 | 12.162 | 17.554 | 13.194 | 13.065 | 0 | 225 |
| | % | 2,32 | (4,49) | 11,43 | 0 | 58,22 | 10,94 | 0,36 | 5,36 | 2,52 | 0 | 8,44 |
| Samtals | 1985 | 174.335 | 78.163 | 19.696 | 3.712 | 2.318 | 65.353 | 68.884 | 52.801 | 46.200 | 16.440 | 1.038 |
| | 1984 | 172.040 | 82.335 | 18.186 | 0 | 1.388 | 60.722 | 68.694 | 50.750 | 45.243 | 0 | 997 |
| | % | 1,33 | (5,07) | 8,30 | 0 | 67,00 | 7,63 | 0,28 | 4,04 | 2,12 | 0 | 4,11 |

I. GJALDÁR 1985 - ÁLAGNINGARYFIRLIT - EINSTAKLINGAR

Ríkisskattstjóri
08.07.1985.

Álagning tekjuskatts einstaklinga gjaldárið 1985, að frádregnum ónýttum persónuafslætti til greiðslu eignarskatts, eignarskattsauka, sjúkratryggingagjalds og útsvars, svo og álagning barnabóta, barnabótaauka, sjúkratryggingagjalds, eignarskatts, eignarskattsauka og sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og samanburður við gjaldárið 1984.
(Allar fjárhæðir í þús. kr.)

| Umdæmi: | Ár | (1) Tekju-skattur | (2) Ónýttur persónuafsláttur til gr. eignarsk. | (3) eskauka | (4) sjúkratrgj. | (5) gr.útsv. | (6) Barnabætur og barnabauki | (7) Mismunur tekjuskatts og ráðstöfun hans | (8) Sjtrgj. (sbr.(4)) | (9) Eignar-skattur (sbr.(2)) | (10) Eignar-skauki (sbr.(3)) | (11) Sérstakur sk. af versl.- og skrifsthúsnæði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykja-vík | 1985 | 1.639.135 | 51.337 | 2.114 | 1.147 | 150.238 | 358.662 | 1.075.637 | 76.153 | 200.035 | 23.059 | 18.153 |
| | 1984 | 1.352.063 | 38.183 | 0 | 515 | 107.973 | 286.946 | 918.446 | 55.601 | 152.553 | 0 | 14.868 |
| | % | 21,23 | 34,45 | | 122,72 | 39,14 | 24,99 | 17,11 | 36,96 | 31,12 | | 22,09 |
| Vestur-land | 1985 | 193.532 | 3.843 | 94 | 210 | 30.950 | 74.999 | 83.436 | 10.744 | 9.599 | 851 | 502 |
| | 1984 | 168.350 | 2.853 | 0 | 118 | 22.605 | 62.436 | 80.338 | 7.856 | 7.131 | 0 | 395 |
| | % | 14,96 | 34,70 | | 77,97 | 36,92 | 20,12 | 3,86 | 36,76 | 34,61 | | 27,09 |
| Vest-firðir | 1985 | 192.085 | 1.162 | 34 | 74 | 18.618 | 49.512 | 122.685 | 9.900 | 4.163 | 345 | 305 |
| | 1984 | 151.843 | 929 | 0 | 50 | 12.024 | 40.610 | 98.230 | 7.100 | 3.158 | 0 | 287 |
| | % | 26,50 | 25,08 | | 48,00 | 54,84 | 21,92 | 24,90 | 39,44 | 31,82 | | 6,27 |
| Norður-land v. | 1985 | 121.114 | 3.440 | 130 | 73 | 23.452 | 53.725 | 40.294 | 5.982 | 7.294 | 624 | 248 |
| | 1984 | 96.276 | 2.693 | 0 | 43 | 17.808 | 45.285 | 30.447 | 4.118 | 5.769 | 0 | 226 |
| | % | 25,80 | 27,74 | | 69,77 | 31,69 | 18,64 | 32,34 | 45,26 | 26,43 | | 9,73 |
| Norður-land e. | 1985 | 295.083 | 5.311 | 176 | 284 | 54.278 | 121.825 | 113.209 | 15.257 | 14.527 | 1.038 | 686 |
| | 1984 | 257.959 | 4.162 | 0 | 94 | 39.448 | 103.751 | 110.504 | 10.999 | 11.303 | 0 | 573 |
| | % | 14,39 | 27,61 | | 202,13 | 37,59 | 17,42 | 2,45 | 38,71 | 28,52 | | 19,72 |
| Austur-land | 1985 | 168.624 | 2.188 | 56 | 109 | 28.121 | 62.953 | 75.197 | 8.820 | 5.287 | 353 | 272 |
| | 1984 | 158.762 | 1.506 | 0 | 64 | 20.017 | 51.050 | 86.125 | 7.023 | 4.631 | 0 | 256 |
| | % | 6,21 | 45,29 | | 70,31 | 40,49 | 23,32 | (12,69) | 25,59 | 14,17 | | 6,25 |
| Suður-land | 1985 | 165.120 | 6.331 | 240 | 119 | 30.466 | 73.014 | 54.950 | 7.296 | 14.322 | 1.394 | 428 |
| | 1984 | 145.138 | 5.189 | 0 | 86 | 24.247 | 63.298 | 52.318 | 6.042 | 11.582 | 0 | 355 |
| | % | 13,77 | 22,01 | | 38,37 | 25,65 | 15,35 | 5,03 | 20,75 | 23,66 | | 20,56 |
| Vestm-eyjar | 1985 | 89.733 | 643 | 24 | 68 | 8.015 | 22.359 | 58.624 | 5.282 | 2.533 | 212 | 254 |
| | 1984 | 77.772 | 480 | 0 | 25 | 5.423 | 17.890 | 53.954 | 3.797 | 1.960 | 0 | 168 |
| | % | 15,38 | 33,96 | | 172,00 | 47,80 | 24,98 | 8,66 | 39,11 | 29,23 | | 51,19 |
| Reykja-nes | 1985 | 1.055.079 | 28.446 | 1.297 | 990 | 89.609 | 255.546 | 679.191 | 54.245 | 103.374 | 11.457 | 6.617 |
| | 1984 | 867.391 | 20.449 | 0 | 487 | 62.475 | 208.599 | 575.381 | 39.132 | 77.662 | 0 | 4.685 |
| | % | 21,64 | 39,11 | | 103,29 | 43,43 | 22,51 | 18,04 | 38,62 | 33,11 | | 41,24 |
| Samtals | 1985 | 3.919.505 | 102.701 | 4.165 | 3.074 | 433.747 | 1.072.595 | 2.303.223 | 193.679 | 361.134 | 39.333 | 27.465 |
| | 1984 | 3.275.554 | 76.444 | 0 | 1.482 | 312.020 | 879.865 | 2.005.743 | 141.668 | 275.749 | 0 | 21.813 |
| | % | 19,66 | 34,35 | | 107,42 | 39,01 | 21,90 | 14,83 | 36,71 | 30,96 | | 25,91 |

Ríkisskattstjóri

09.07.1985.

## II. ÁLÖGÐ ÚTSVÖR OG AÐSTÖÐUGJÖLD Á EINSTAKLINGA GJALDÁRIÐ 1985 - EFTIR SKATTUMDÆMUM - OG SAMANBURÐUR VIÐ GJALDÁRIÐ 1984. ENN FREMUR SAMANBURÐUR Á FJÖLDA GJALDENDA MILLI ÁRANNA.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

| | ÚTSVÖR | | | | | | AÐSTÖÐUGJÖLD | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Gjaldárið 1985 | | Gjaldárið 1984 | | Hækkun fjárhæða | Fjölgun gjaldenda | Gjaldárið 1985 | | Gjaldárið 1984 | | Hækkun fjárhæða | Fjölgun gjaldenda |
| Umdæmi: | Fjárhæð | Fjöldi | Fjárhæð | Fjöldi | í % | í % | Fjárhæð | Fjöldi | Fjárhæð | Fjöldi | í % | í % |
| Reykjavík | 1.502.953 | 55.675 | 1.182.608 | 54.988 | 27,09 | 1,25 | 100.942 | 4.997 | 67.603 | 4.664 | 49,32 | 7,14 |
